

Skárlaga leirgryfja að Kópssvatni

Guðmundur Ólafsson



7

Skálarlaga leirgryfja að Kópsvatni

Guðmundur Ólafsson



Forsíða, mynd 1: Nærmynd af skálarlaga leirgryfju á Kópavatni eftir að leirlag á botni hennar hafði verið hreinsað fram.
Ljósmynd Guðmundur Ólafsson.

© 1999 Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson

Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

Skálarlaga leirgryfja að Kópsvatni	5
Aðdragandi	5
Vettvangskönnun	5
Leirinn	6
Sambærilegar leirskálar	6
Hlutverk leirskálanna	7
Niðurstaða	7
Heimildir	8

Skálarlaga leirgryfja á Kópavatni

Aðdragandi

Þann 28. september 1987 fór skýrsluhöfundur ásamt þjóðminjaverði að bænum Kópavatni í Hrunamannahreppi, Árnessýslu. Tílefni ferðarinnar var að tilkynnt hafði verið um að fundist hefði einkennilegt hringlaga mannvirki, er verið var að grafa fyrir grunni nýs íbúðarhúss á Kópavatni.

Vettvangskönnun

Er komið var á staðinn reyndist vera búið að fjarlægja allan jarðveg af hússtæðinu og slá upp móti fyrir sökkulveggjum hússins.

Hið hringlaga mannvirki, sem er í litlu skoti fast við suðurhlið hins nýja íbúðarhúss, reyndist vera skálarlaga hola, 114 cm í þvermál og 22 cm djúp í miðju. Hliðar hennar voru klæddar lagi af rauðbleikum leir sem var 14 cm þykkt þar sem það var þykkest. Að öðru leyti er skálin full af mold sem blönduð er grófri gjósku.



Mynd 2. Yfirlitskort sem sýnir Kópavatn og nánasta umhverfi. Hluti af herforingjaráðskorti nr. 47 NA frá 1910.

Í miðju holunnar er botninn ósléttur og leirlagið er rofið sundur á 12 cm breiðum kafla. Þar í voru leifar af dökkri gjósku og lítill steinn. Ekki virðist þó um að ræða að þar hafi verið grafið neitt dýpra niður en sem nemur botni holunnar. Undir leirlaginu og yfir því virðist vera sandur eða gjóskuleifar. Holan er grafin ofan í ljósbrúna, óhreyfða mold.


Í skurðbakka sem var um 1 m frá skálinni mátti sjá mannvistarleifar og slitrur af landnámslaginu, gjóskulagi frá 871 – 72, á sama dýpi og skálin er. Þessar mannvistarleifar voru ekki rannsakaðar frekar. Við byggingarframkvæmdirnar var samhengi jarðlaga rofið og er ekki með vissu hægt að tengja gryfjuna við önnur mannvistarlög í skurðbakkanum.

Leirinn


Hinn rauðbleiki leir sem þakti botn skálarinnar var mjúkur og þykkur viðkomu eins og hrár náttúruleir. Ekki var hægt að sjá nein merki þess að hann hefði verið brenndur. Að sögn jarðfræðinga gæti verið um hveraleir að ræða. Sýni var tekið úr leirlaginu. Helena Forshell, sænskur fornleifafræðingur, sem kannaði m.a. hvort hægt væri að finna nothæfan leir á Íslandi til leirkeragerðar, fékk sýni af leirnum á Kópavatni til greiningar. Sýnið var sent til Kvartergeologiska avdelningen við háskólann í Lundi þar sem Birgitta Hultén rannsakaði það.

Niðurstaða hennar var sú að leirinn frá Kópavatni væri alveg ágætt efni til leirkeragerðar. Úr honum fengjast dimmrauðir, harðir og sterkir leirmunir strax við 600° C brennsluhita. Rauði liturinn stafar af háu járnhlutfalli í leirnum.¹


¹ Bréf frá Dr. Birgittu Hultén til Helenu Forshell, dags. 4/8 1991.




Mynd 3. Afstöðuteikning sem sýnir útlínur íbúðarhússins og holunnar.



Mynd 4. Útlínur hringlaga skálar sjást við húsgrunninn fyrir rannsókn. Ljós. Guðmundur Ólafsson.



Mynd 5. Sniðteikning af skálinni. Teikn. Guðmundur Ólafsson.



Mynd 6 sýnir m.a. leirskál fyrir miðju í mannvirki nr. 38 á Bergþórshvoli. (Árb. 1952 bls. 32)

Sambærilegar leirskálar

Leirskálar af þessari gerð eru sjaldgæfar hérlendis. Höfundur hefur reyndar ekki kannað hvort sambærilegar gryfjur eru þekktar erlendis, en á Íslandi hafa svipaðar skálar fundist a.m.k. tvisvar áður við fornleifarannsóknir og er rétt að greina frá þeim hér til samanburðar.²

Bergþórshvoll

Matthías Þórðarson fann leirskál í gólfi nr. 38 við rannsókn á Bergþórshvoli árið 1927 og kallaði hana leirker: "Vestast á gólfskáninni, fyrir miðju, kom í ljós leirker. Barmarnir á 187 sm dýpi að meðaltali, botninn á 218 sm (kerið var mest 31 sm á dýpt) breidd að ofan 90 – 100 sm, nær kringlótt, en nokkuð í áttina að vera ferhyrnt. Kerið var sem fláandi skál, en barmar mjög brattir summsstaðar. Það hefur verið gert þannig, að gröf hefur verið gerð í jörðina og síðan drepíð í hana leir (skessuskít). Leirker þetta, sem er einstakt í sinni röð, segir M. Þ. í blaðaviðtali, að muni hafa verið *herslumór* í smiðju, enda hefur hann talið gólfið smiðjugólf".³

Þessi rúst virðist hafa tilheyrt elsta húsaahverfinu sem Matthías fann á Bergþórshvoli.⁴

Bólstaður við Álftafjörð

Árið 1931 rannsakaði Matthías fornar rústir á Bólstað við Álftafjörð. Þar fundust svipuð leirker í tveimur tóftaleifum. Í norðaustur-horni nyrðri

tóftaleifanna varð hann var við dreifar af gulum leir. "Kom í ljós, að þar var í gólfinu skál eða ker úr óbrenndum leir; það var þversum í húsinu, sporöskjulagað, 70 – 95 cm að þverm. og 25 cm. að dýpt í miðju, en var íhvolft allt. Nokkuð mun hafa eyðst ofan-af því, líklega um 5 cm. Leirinn í því var sumur hvítleitur, einkum í botninum. Finnast þessar leirtegundir í Úlfarsfelli, sem er rétt vestan-við, og víðar í nágrenninu."⁵

Í norðurhluta syðri tóftaleifanna var stórt leirker eða leirskál úr óbrenndum leir. "Hún var nær kringlótt, um 1 m að þverm., en þó nokkuð bein að vestanverðu á kafla og var þar 10 cm. mjórri yfir. Er ekki ólíklegt, að þar hafi áin sleikt af henni, er hún brauzt inn í tóftina. Hún var mjög flá, í lögum sem sneið af yfirborði kúlu, og var dýptin í miðju 25 cm. Hún var laglega íhvolft og jöfn innan. Hún var skáhöll, lá öll hærra að norð-vestanverðu og voru þar engar hellur út-undan henni. Kann þar að hafa orðið breyting á af völdum árinna. Þar sem hellur lágu að skálinni, tóku barmar hennar nokkuð upp yfir þær. Hún var gerð úr gulum og hvítum leir, sem hafði verið grautað saman óreglulega."⁶ Matthías lét taka afsteypu af þessu leirkeri og leirkerinu á Bergþórshvoli.

Enn eitt leirker kom í ljós fyrir miðjum tóftaleifunum. Þar hafði áður fundist "allmikill kökkur af leir, gulum og hvítum, saman í klessu. Kom nú í ljós, hvernig á honum stóð; hafði hann verið tekinn úr þessu keru, er var nú fundið þarna rétt hjá, og virðist hafa átt að nota hann í keru í norðurendanum, er það var gert, en verið hætt við, þar eð leirinn blandast moldu og óhreinindum úr gólfinu. — Þetta síðara leirker var undir kola- og ösku- drefjum, og hafði verið fyllt með mold, með kolamylnu í; virðist það hafa verið gert meðan húsið var notað. Steinar voru í kerinu, helzt á botni þess. Hella hafði verið sett innan í það að norðvestanverðu svo sem bót á einum stað, þar sem gat hafði komið á það. Það var nær kringlótt, lítið eitt sporöskjulagað (lengra frá norðri til suðurs), 1 - 1½ m að þverm. Dýpt í miðju 48 cm. Lögum var lík og á kerinu, sem fannst á Bergþórshvoli 1927."⁷

² Hugsanlega fannst svipuð skál við rannsókn á Bessastöðum 1989. Sigurður Bergsteinsson, munnl. upplýs.


³ Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson 1952:31-32.

⁴ Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson 1952:39.

⁵ Matthías Þórðarson 1932:5 - 6.

⁶ Matthías Þórðarson 1932:12 - 14.

⁷ Matthías Þórðarson 1932:14 - 16.



Mynd 7. Syðri tóftaleifarnar á Bólstað. Leirker er nr. 6 og leirskál nr. 7. M.P. (Árb. 1932 bls. 12).

Hlutverk leirskálanna

Þessar leirklæddu skálar eða leirker hafa augljóslega verið búnar til í ákveðnum tilgangi, en ekki er vitað hvert það hlutverk hefur verið. Matthías áleit að þær hefðu verið notaðar undir einhvern lög og þá helst vatn. Leirinn hefur þá verið notaður til þess að þétta botninn. Á Bergþórshvoli taldi hann að kerid hefði verið í smiðjugólfi og líklega notað til þess að kæla eða herða í því járn. Á Kópsvatni var um 12 cm breið hola í miðri skálinni. Ef skálin hefur verið ætluð til þess að halda vatni hlýtur hola að vera komin til síðar. Breidd holunnar, 12 cm, er svipuð breidd og eftir innstoðir sem fundist hafa í fornum skálum.⁸ E.t.v. hefur stoð verið sett niður í skálina við endurbætur á bænum og hún rofið leirlagið.

Annar möguleiki er að skálarnar hafi verið notaðar sem seyðar. Gegn því mælir sú staðreynd að leirinn í öllum skálunum var hrár og mjúkur, ekki brenndur eða harður eins og hann hefði verið ef eldur eða glóð hefði verið geymd í skálunum.

Niðurstaða

Á Kópsvatni fannst grunn skálarlaga gryfja sem klædd var að innan með 5 – 14 cm þykku lagi úr mjúkum leir. Byggingarframkvæmdir á staðnum höfðu rofið samhengi skálarinnar við hugsanleg mannvistarlög umhverfis svo að ekki var hægt að sjá hvort skálin hefði verið inni í húsi eða utan húss. Samanburður við aðrar leirgryfjur sem fundist hafa bendir þó til þess að hún hafi verið

inn í húsi. Á Bergþórshvoli virtist skálin hafa verið í smiðju en á Bólstað voru skálarinnar inni í bænum. Í skálinni á Kópsvatni fannst heldur ekkert sem bent gæti til notkunar hennar, aðeins hreyfð mold. Hvorki fundust viðarkol, móaska eða beinaleifar né önnur eldsmerki eins og oftast er í seyðum. Ekkert bendir því til þess að þarna hafi verið seyðir, þó að það sé það fyrsta sem kom upp í hugann. Aldur skálarinnar er ekki heldur þekktur, en miðað við afstöðu við slitur af Landnámslaginu sem fannst á svipuðu dýpi í nálægum skurðbakka má ætla að gryfjan sé mjög gömul, hugsanlega frá fyrstu öldum íslandsbyggðar.

Gera má ráð fyrir að skálarlaga gryfjan á Kópsvatni hafi gegnt sams konar hlutverki og aðrar slíkar skálar. Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, taldi að skálarinnar sem fundust á Bergþórshvoli og á Bólstað hefðu verið notaðar til þess að halda einhvers konar vökva, sennilega vatni. Aðrar og betri skýringar hafa enn ekki komið fram.

Heimildir

Birgitta Hultén 1991. Bréf til Helenu Forshell, dags. 4/8 1991.

Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson 1952. Rannsókir á Bergþórshvoli. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1951-52*. Bls. 5 - 75. Reykjavík

Matthías Þórðarson 1932. Bólstaður við Álftafjörð. Skýrsla um rannsókn árið 1931. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1932*. Bls. 1 - 23. Reykjavík. Svend E. Albrethsen og Guðmundur Ólafsson 1998. *A Viking Age Hall. Man, Culture and Environment in Ancient Greenland*. Bls. 19 – 26. The Danish Nationalmuseum & Danish Polar Center.

⁸ Svend E. Albrethsen og Guðmundur Ólafsson 1998:24.

Skýrslur fornleifadeildar 1987

- 1 Fornleifarannsókn á Bessastöðum I.
Guðmundur Ólafsson.
- 2 Stóraborg undir Eyjafjöllum X.
Mjöll Snæsdóttir.
- 3 Rannsókn að Reykholti í Borgarfirði.
Guðrún Sveinbjarnardóttir.
- 4 Fornleifaskráning á Þingvöllum.
Guðmundur Ólafsson.
- 5 Fornleifaskráning í Buskupstungna-
hreppi III.
Bryndís Róbertsdóttir.
- 6 Fornleifaskráning í Hafnarfirði.
Kristinn Magnússon.
- 7 Skálarlaga leirgryfja að Kópvatni.
Guðmundur Ólafsson.



FÖÐMINJASAFN
ÍSLANDS